LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Minnisblað frá framkvæmdastjóra

Útdráttur úr frumvörpum um stjórn fiskveiða sem lögð hafa verið fyrir sumarþing til afgreiðslu.

A. Breyting á stærðarmörkum krókaaflamarksbáta

Lagt er til að stærðarmörk krókaaflamarksbáta verði færð í 15 m hámarkslengd og minni en 20 brt. Það gefur möguleika á 4,10 m breiðum bát, þegar miðað er við meðaldýpt þeirra 1,85 m krókaaflamarksbáta og miðað er við í frumvarpinu. Horfið er frá íslenskum mælingareglunum og tekin upp aðferð sem kveðið er á um í reglugerð Evrópusambandsins. Þar tekur mæling á mestu lengd og breidd mið af öllu nema því sem er auðleysanlegt, svo sem handrið, utanborðsdrif og stýri. Við athugun hefur komið í ljós að einungis átta bátar á íslenskri skipaskrá, sem eru undir 15 metrum að lengd, mælast stærri en 20 brúttótonn með þeirri reglu sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins. Einungis einn þessara báta hefur veiðileyfi með krókaaflamarki, en hann mælist 23,31 brúttótonn.

B. Strandveiðar

1. Fiskistofa skal stöðva strandveiðar með auglýsingu þegar viðmiðunarafla er náð.

2. Lagt til að heimilt verði að setja nánari ákvæði um eignarhald á fiskiskipum á strandveiðum, til að varna því að sami eða sömu aðilar geri út fleiri en einn strandveiðibát.

3. Lagt til að hámarksafli til strandveiða á næsta fiskveiðiári verði óbreyttur – 8.600 tonn (2.000 tonn af þorski og 600 tonn af ufsa.

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

C. Viðurlög við reglum um sérveiðar

Kveðið verði skýrt á um í lögum að ákvörðun um sviptingu leyfis til sérveiða t.d. veiða á grásleppu eða strandveiða geti öðlast gildi, að öllu leyti eða að hluta til, frá og með næsta útgáfudegi veiðileyfis þess fiskiskips sem ákvörðunin beinist að.

Við brot á reglum um grásleppuveiðar og strandveiðar á sl. ári átti að koma til refsing við veiðarnar á yfirstandandi vertíð. Aðilar áttu að missa eina til tvær vikur á grásleppunni eða nokkra daga á strandveiðunum. Óskýr lagatexti kom hins vegar í veg fyrir að þetta væri heimilt. Breytingin á að heimila nefnd viðurlög.

D. Álagning sérstaks gjalds vegna ólöglegs afla mun ná yfir allar tegundir, hvort sem þær eru kvótasettar eða ekki.

E. Frestur aðila til að ráðstafa krókaaflahlutdeild sem er umfram hámark er framlengt til 1. september 2014.

F. Heimild ráðherra til að binda framsal ákveðnum skilyrðum er framlengt um eitt ár. Hér er átt við ef 20% eða meira af aflaheimildum einstakra sveitarfélaga eða byggðarlaga eigi að selja út frá viðkomandi stöðum.

G. Skötuselskvóti (1.500 tonn) og síldakvóti (2.000 tonn) er framlengt um eitt ár. Ráðherra heimilt að ráðstafa utan aflahlutdeildar.

H. Óheimilt er að framselja aflaheimildir sbr. g – lið.

I. Viðbót við byggðakvóta er framlengt um eitt fiskveiðiár. 2.500 tonn af þorski og 500 tonn af ufsa.

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

J. Framlengd bráðabirgðaákvæði sem innihalda heimildir til byggðakvóta og strandveiða (sbr. b – 3, og h liðar hér að framan) skulu dregnar frá leyfilegum heildarafla áður en honum er úthlutað sbr. hlutdeild.

9. júní 2013

Örn Pálsson

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is